

Svör við fyrirspurn Brjáns Jónassonar blaðamanns á Fréttablaðinu um ferðir á vegum embættis forseta Íslands með flugvélum sem ekki voru í reglulegu farþegaflugi 2005-2008 að báðum árum meðtöldum. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um slíkar ferðir á þessu ári. Nánar má lesa um þær ferðir sem tilgreindar eru hér að neðan á heimasíðu embættis forseta Íslands, bæði í dagskrám viðkomandi ára sem og í fréttatilkynningum sem embættið sendi frá sér vegna þeirra. Þá voru fjölmargar frásagnir í íslenskum og erlendum fjölmiðlum af atburðum í öllum þessum ferðum. Örnólfur Thorsson forsetaritari var samferðamaður forseta Íslands í ferðunum, einn starfsmanna embættis forseta utan í opinberri heimsókn forseta Íslands til Kína árið 2005.

Á þessu rúmlega fjögurra ára tímabili fór forseti í samtals tvær ferðir sem farnar voru alfarið með vélum á vegum íslenskra fyrirtækja. Í öðrum tilvikum sem forseti ferðaðist með vélum utan almenns áætlunarflugs var ýmist um að ræða hluta úr ferð eða skipulagða hópferð.

1. Forseti Íslands hefur þrívægis tekið þátt í **skipulagðri hópferð**:

- a. 15.-22. maí 2005: Opinber heimsókn til Kína. Forseti fór í opinbera heimsókn til Kína í boði Hu Jintao forseta landsins. Farið var með leiguvél frá flugfélaginu Atlanta en flugið var skipulagt af ferðaskrifstofunni *Samvinnuferðum – Landsýn*. Farþegar í þessu leiguflugi voru ríflega fjögur hundruð: opinber sendinefnd, fulltrúar um eitt hundruð íslenskra fyrirtækja og almennir farþegar sem voru vel á þriðja hundruð. Af skrifstofu forseta fóru Stefán Lárus Stefánsson forsetaritari, Vigdís Bjarnadóttir deildarstjóri og Jóhann Gunnar Arnarsson staðarhaldari á Bessastöðum auk Örnólfs Thorssonar þáverandi skrifstofustjóra.
- b. 3.-4. maí 2007 tók forseti þátt í hópferð til Kaupmannahafnar og flutti ávarp við opnun á höfuðstöðvum FL-Group í borginni. Hópferðin var skipulögð af fyrirtækinu og meðal þátttakenda í henni voru margir tugir Íslendinga af ýmsum sviðum þjóðlífsins.
- c. 4.-7. september 2007 tók forseti þátt í hópferð til New York í Bandaríkjunum sem skipulögð var af Glitni. Í New York flutti forseti setningarávarp á alþjóðlegri ráðstefnu um jarðhita og orkunýtingu og fyrirlestur í boði alþjóðlegu friðarstofnunarinnar, International Peace Academy. Meðal þátttakenda í hópferðinni voru margir tugir Íslendinga af ýmsum sviðum þjóðlífsins.

2. Forseti fór fjórum sinnum **hluta úr lengri ferð** með leiguvél eða vél í eigu íslensks fyrirtækis. Nokkrir fulltrúar viðkomandi fyrirtækja voru í þeim hluta ferðanna. Aðra hluta sömu ferða fór forseti með reglubundnu áætlunarflugi:

- a. 6.-8. september 2005 fór forseti í vinnuferð til Búlgaríu í boði forseta landsins Georgi Parvanov. Forseti var viðstaddur landsleik Íslendinga og Búlgara í knattspyrnu ásamt fjölmönnum hópi Íslendinga. Þá átti forseti viðræður við ráðamenn í tengslum við sókn íslenskra fyrirtækja í landinu og kynnti sér forvarnir gegn fíkniefnum í tengslum við samstarfsverkefni evrópskra borga á þeim vettvangi sem forseti er verndari fyrir, "*Ungmennni í Evrópu – gegn fíkniefnum*". Flogið var með áætlunarflugi til Lundúna

en með vél á vegum Novator fyrirtækisins frá Lundúnum til Sóffu. Frá Sóffu og heim til Íslands gegnum Vín og Lundúnir var flogið með áætlunarvél.

- b. 22.-24. maí 2006 var forseti Íslands í Helsinki í Finnlandi. Hann átti fund með Tarja Halonen forseta Finnlands, tók þátt í kynningarátaki sem helgað var sölu og markaðssetningu á íslenskri síld og hélt ræðu í boði finnsku kauphallarinnar. Þá flutti forseti erindi á viðskiptamálastefnu sem KB-banki efndi til og ræddi við finnska fjölmiðla. Flogið var með áætlunarvéllum til Finnlands en með leiguvél á vegum KB-banka frá Helsinki til Lundúna að kvöldi 24. maí. Að morgni 25. maí hélt forseti ræðu á ráðstefnu sem Útflutningsráð efndi til í Lancaster House í Lundúnum. Því hefði hann ekki náð ef flogið hefði verið með áætlunarflugi. Flogið var með áætlunarvél frá Lundúnum til Keflavíkur.
- c. 4.-6. október 2006 var forseti Íslands í Finnlandi. Hann flutti setningarávarp í Oulu á Rannsóknarþingi norðursins, Northern Research Forum, ásamt Tarja Halonen forseta Finnlands. Forsetarnir áttu einnig viðræðufund um vaxandi samvinnu landanna á sviði vísinda, menningar og viðskipta. Þá sat forseti Íslands fund í finnsku forsetahöllinni í boði forseta Finnlands þar sem íslenskir og finnskir athafnamenn kynntu margvísleg samstarfsverkefni. Flogið var með áætlunarvéllum frá Íslandi til Helsinki og þaðan til Oulu í Finnlandi þar sem forseti sat Rannsóknarþing norðursins og þaðan aftur til Helsinki. Frá Helsinki til Lundúna var flogið í vél á vegum Novator fyrirtækisins og áfram heim með áætlunarvél.
- d. 1. október 2007 hélt forseti Íslands áleiðis til Shanghai í Kína til fundar við forseta Kína og til að vera viðstaddur Heimsleika þroskaheftra og seinfærra (Special Olympics) en fjöldi Íslendinga tók þátt í þeim leikum. Farið var með leiguvél á vegum Glitnis en eins og embættið hefur áður upplýst hefði verið ógjörningur fyrir forseta að ná til Shanghai í tæka tíð fyrir boðaðan fund hans og Hu Jintao forseta Kína ef farið hefði verið með áætlunarvéllum. Ekki var unnt að leggja fyrir af stað vegna setningar Alþingis þann 1. október. Glitnir var einnig helsti styrktaraðili íslensku þátttakendanna á Heimsleikunum. Í Kína heimsótti forseti borgirnar Shanghai, Qingdao, Xianyang, Shenzen og sjálfstjórnarsvæðið Hong Kong og var jafnan flogið með áætlunarvéllum. – Forseti stýrði ásamt Deng PuFang alþjóðlegri ráðstefnu um málefni fatlaðra í Shanghai, átti fund með menntamálaráðherra Bandaríkjanna sem einnig var viðstaddur Heimsleikana og heimsótti íslenska keppendur á leikunum. Forseti flutti jafnframt opinberan fyrirlestur í Fudan háskóla og heimsótti starfsstöð Glitnis í Shanghai, sótti íslensk-kínverska viðskiptaráðstefnu og var viðstaddur opnun skrifstofu stoðtækjafyrirtækisins Össurar í Shanghai. Þá var forseti viðstaddur vígslu mikillar kæligeymslu Eimskips í Qingdao borg, var einnig við opnun á skrifstofum Marels í sömu borg, átti fund með forvígismönnum Shandong héraðs og Qingdao borgar og var viðstaddur undirritun samnings milli ORF líftækni og Sinopharm. Í Xianyang borg átti forseti fund með forráðamönnum borgarinnar, var viðstaddur undirritun viðskiptasamnings milli Bakkavarar og kínversks fyrirtækis, kynnti sér íslenska hitaveituverkefnið í Xianyang og flutti setningarávarp nýs jarðhitaskóla borgarinnar. Í Shenzen borg átti forseti fund með forráðamönnum borgarinnar og heimsótti Huawei fjarskiptafyrirtækið. Loks heimsótti forseti sjálfstjórnarsvæðið Hong Kong og var þar viðstaddur undirritun samnings milli íslenska fyrirtækisins Mind og kínverskra samstarfsaðila, átti fund með fulltrúum Landsbankans í borginni, og sat fund með Donald Tsang, hæstráðanda

sjálfstjórnarsvæðisins. Því næst hélt forseti áfram frá Kína austur til Los Angeles í Bandaríkjunum og Anchorage í Alaska og tók þátt í fundum í báðum borgunum eins og fram kom í fréttatilkynningum frá embætti forseta á þeim tíma. Forseti flaug síðan heim um Seattle, Detroit og Boston. Allar þessar flugferðir voru með áætlunarvélum.

3. Tvær stuttar ferðir voru farnar **með leiguvél á vegum íslenskra fyrirtækja** og voru fulltrúar viðkomandi fyrirtækja með í för:
  - a. 13.-14. desember 2005 var forseti í Pétursborg í Rússlandi. Hann var viðstaddur undirritun samkomulags um þátttöku Pétursborgar í forvarnarverkefninu "*Ungmennni í Evrópu – gegn fíkniefnum*" en forseti er verndari þessa evrópska samstarfsverkefnis. Þá átti hann fund með borgarstjóra Pétursborgar, Valentina I. Matvienko þar sem m.a. var rætt um samstarf á norðurslóðum með tilliti til loftslagsbreytinga og hvemig borgaryfirvöld í Pétursborg gætu dregið lærdóma af þeim aðferðum sem íslenskir vísindamenn hafa þróað í baráttunni gegn fíkniefnanotkun ungmenna. Flogið var til og frá Pétursborg með leiguvél á vegum Actavis en fyrirtækið er höfuðstyrktaraðili þessa evrópska forvarnarverkefnis.
  - b. 10.-11. september 2007 fór forseti í ríflega sólarhringslanga ferð til Leeds á Englandi. Þar sat hann m.a. hátíðarkvöldverð í boði borgarstjórnar Leedsborgar og morgunverðarfund viðskiptaráðs borgarinnar. Þá heimsótti forseti Háskólann í Leeds, skoðaði sýningu á íslenskum handritum og bókum og sæmdi þá Andrew Wawn prófessor og Rory McTurk prófessor hinni íslensku fálkaorðu fyrir margháttað framlag þeirra til kynningar á íslenskri menningu. Forseti flutti einnig ávarp við opnun umhverfisvænnar skrifstofubyggingar í eigu Eimskipafélags Íslands og heimsótti loks barnaskóla í Leeds sem á samstarf við grunnskóla á Selfossi. Ferðin var farin með leiguvél á vegum Eimskipafélags Íslands.